

Tillaga til þingsályktunar

um fullgildingu samnings um opna lofthelgi.

(Lögð fram á 117. löggjafarþingi 1993-94.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um opna lofthelgi sem var undirritaður í Helsinki 24. mars 1992.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga um samninga um gagnkvæma notkun flugvéla til eftirlits með hernaðar- umsvifum var fyrst lögð fram af bandarískum stjórnvöldum á sjötta áratugnum, en var þá vísað á bug af sovéskum stjórnvöldum. Það var ekki fyrr en í maí 1989 að Bush, þáverandi Bandaríkjaforseti, endurvakti þessa hugmynd með tillögu um opnun lofthelgi, sem hefði í för með sér að samningsaðilar leyfðu gagnkvæmt flug óvopnaðra könnunarflugvéla, útbúnar myndavélum og skynjurum, yfir landsvæði hvers annars.

Að frumkvæði kanadískra stjórnvalda hófust samningaviðræður aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins um opna lofthelgi í Ottawa 12. febrúar 1990. Viðræðunum var haldið áfram í Búdapest vorið 1990 og var lokið í Vín veturinn 1991-1992, þannig að samningurinn um opna lofthelgi var tilbúinn til undirritunar á framhaldsfundi Ráðstefnunnar um samvinnu og öryggi í Evrópu (CSCE) í Helsinki. Samningurinn var undirritaður 24. mars 1992 fyrir hönd sextán aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins, auk Búlgaríu, Georgíu, Hvíta-Rússlands, Póllands, Rúmeníu, Rússneska sambandslýðveldisins, Tékkóslóvakíu, Ungverjalands og Úkraínu.

Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd með fyrirvara um fullgildingu. Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu samningsins. Hann er birtur sem fylgiskjal með tillögu þessari. Ekki er talin ástæða til að birta viðauka við samninginn, enda varða þeir tæknilega útfærslu.

Tilgangur

Tilgangurinn með gerð samningsins um opna lofthelgi er að stuðla að upplýsingaskiptum milli aðildarríkjanna á hernaðarsviðinu, með því að heimila eftirlit úr lofti með herjum, hergögnum og hernaðarmannvirkjum á landsvæði þeirra, í því skyni að auka traust þeirra í millum og öryggi almennt. Opin lofthelgi gerir aðildarríkjum kleift að afla frekari upplýsinga en þau gera nú þegar, t.d. með gervihnöttum, og styrkir eftirlitsákvæði afvopnunar samninga í nútíð og framtíð.

Samningurinn um opna lofthelgi auðveldar mun markvissara og sveigjanlegra eftirlit heldur en fæst með hátæknibúnaði í háloftunum, eins og t.d. gervihnöttum. Enn fremur gefur samningurinn ýmsum ríkjum, sem ekki ráða yfir slíkum hátæknibúnaði, tækifæri til að afla af eigin rammleik upplýsinga um herlið, búnað og mannvirki á svæðum sem varða

beinlínis öryggi þeirra.

Opin lofthelgi er athygliverð nýbreytni. Um leið og upplýsingastreymi milli aðildarríkjanna er aukið á hemaðarsviðinu, geta gagnkvæmar skuldbindingar af þessu tagi rennt styrkari stoðum undir átakavarnir og stjórnun á hættutímum. Samningurinn er því að öðrum þræði traustvekjandi aðgerð. Að auki gerir samningurinn ráð fyrir að hann geti orðið víótækari, þ.e. að gagnkvæmt eftirlit úr lofti geti náð til fleiri sviða, eins og t.d. umhverfismála.

Íslensk stjórnvöld studdu frá upphafi frumkvæðið að opinni lofthelgi, en jafnframt byggðist aðild Íslands að viðræðunum, og síðar samningnum sjálfum, fyrst og fremst á aðildinni að Atlantshafsbandalaginu.

Viðræðurnar

Samningaviðræðurnar um opnun lofthelgi fóru hægt af stað. Stjórnvöld í Sovétríkjunum fyrrverandi virtust andstæð grundvallaratriðum í fyrstu tillögunni og komu um skeið í veg fyrir árangur. Lengst af kröfðust sovésk stjórnvöld þess að stórir hlutar Sovétríkjanna yrðu undanþegnir eftirliti og að fjöldi eftirlitsferða yrði í lágmarki. Á hinn bóginn vildu aðildarríki Atlantshafsbandalagsins engar undanþágur og lögðu áherslu á leyfilega notkun næmra skynjunartækja.

Í samningnum um hefðbundinn herafla í Evrópu (CFE) er gert ráð fyrir eftirliti með framkvæmd hans úr lofti, en ekki tókst að ganga frá útfærslu þessa ákvæðis. Þegar leið að undirritun CFE-samningsins og sovésk stjórnvöld hófu stórfellda flutninga á hergögnum austur fyrir Úralfjöll, töldu Atlantshafsbandalagsríkin brýnna en nokkru sinni fyrr að flýta viðræðunum um opna lofthelgi. Bandalagsríkin buðu til málamiðlunar að upplýsingar sem fengust samkvæmt væntanlegum samningi um opna lofthelgi yrðu aðgengilegar fyrir öll aðildarríki og að notaðar yrðu sovéskar flugvélar í eftirliti yfir Sovétríkjunum. Þrátt fyrir þetta héldu sovésk stjórnvöld fast við fyrri afstöðu um undanþegin landsvæði, fáar eftirlitsferðir, takmarkaðan skynjunarbúnað og kröfu um eftirlit með herstöðvum aðildarríkja í þriðju ríkjum.

Í kjölfar misheppnaðs valdaráns í Sovétríkjunum í ágúst 1991 varð stefnubreyting hjá þarlandum stjórnvöldum og fljótlega varð ljóst að hægt yrði að ljúka gerð samnings um opna lofthelgi fyrir Helsinki-fundinn vorið 1992. Af hálfu Sovétríkjanna var fallist á að samningurinn næði til alls landsvæðis aðildarríkjanna, en Atlantshafsbandalagsríkin gáfu eftir hvað varðar fjölda eftirlitsferða og næmni skynjunartækja. Hlé var gert á viðræðunum síðla árs 1991, þegar Sovétríkin voru formlega leyst upp, en í upphafi árs 1992 komu fulltrúar Rússneska sambandslýðveldisins til fundar í stað fulltrúa Sovétríkja fyrrverandi, og stuttu síðar bættust fulltrúar Hvíta-Rússlands og Úkraínu í hópinn. Þess má geta að áheymarfulltrúar Svíþjóðar og Finnlands fylgdust vel með lokastigum samningagerðarinnar.

Þegar dró að Helsinki-fundinum hafði náðst almenn samstaða um að ljúka viðræðunum með ásættanlegum samningstexta. Leysa þurfti fjölda tæknilegra vandamála, en að auki þurfti að ákveða kostnaðarskiptingu, tegundir og skilvirkni skynjunarbúnaðar, skiptingu eftirlitsferða milli aðildarríkja og hvernig hægt yrði að tryggja hugsanlega aðild annarra þátttökuríkja CSCE.

Samningurinn

Í samningnum um opnun lofthelgi eru alls nítján greinar, ásamt þrettán viðaukum, sem varða aðallega tæknilega þætti í framkvæmd eftirlits úr lofti.

Í I. - VIII. grein eru settar reglur um virka og óvirka könnunarflugskvóta (þ.e. annars vegar fjölda eftirlitsferða sem hverju aðildarríki er heimilt að framkvæma og hins vegar þann fjölda sem hvert ríki er skuldbundið til að taka við), leyfileg skynjunartæki, tegundir

flugvéla og undirbúning og framkvæmd yfirflugs.

Í IX. grein er kveðið á um hvernig megi beita skynjunartækjum til að afla upplýsinga og hvernig slíkar upplýsingar séu síðan notaðar.

Í X. grein er lagður grunnur að stofnun sérstakrar samráðsnefndar sem ætlað er að fylgjast með og aðstoða við framkvæmd samningsins, þ.á.m. hugsanlega endurskoðun yfirflugskvóta.

Í XI. - XIX. grein er fjallað um samninginn sjálfan, þ.e. gildistöku, aðild annarra ríkja o.s.frv.

Könnunarflugskvótar

Fyrsta skipting virkra könnunarflugskvóta endurspeglar málamiðlun, sem fólst í því að úthluta minni kvótum en mörg ríki óskuðu eftir, a.m.k. til ársloka 1994. Ástæða þessa var fyrst og fremst að mikill áhugi aðildarríkja á eftirliti yfir Rússlandi var í engu samræmi við óvirkan kvóta Rússlands, en jafnframt var mörgum aðildarríkjum í mun að takmarka yfirflug yfir eigin landsvæði.

Ísland óskaði ekki eftir og var ekki úthlutað virkum kvóta, en á hinn bóginn leyfir óvirki kvótinn allt að fjögur könnunarflug á ári yfir Íslandi. Ef kæmi til slíks eftirlits annarra aðildarríkja yrðu íslensk stjórnvöld skuldbundin til að taka við eftirlitsmönnum og virða forréttindi og friðhelgi þeirra, á sama hátt og við á um samninginn um hefðbundinn herafli í Evrópu. Af þessu tilefni hefur ríkisstjórnin lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um réttindi eftirlitsmanna vegna samningsins. Samningurinn kveður á um að yfirflugi sé háttað í samræmi við reglur og skilyrði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO).

Þess má geta að enn hefur ekki komið til eftirlits á Íslandi með framkvæmd samninga um afvopnun eða traustvekjandi aðgerðir. Það breytir ekki þeim skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa tekist á hendur. Eðli málsins samkvæmt kæmi það í hlut utanríkisráðuneytis og samgönguráðuneytis að annast framkvæmd þessa samnings, ef önnur aðildarríki óskuðu eftir könnunarflugi hér á landi. Í slíku tilfelli yrði kostnaður íslenskra stjórnvalda óverulegur, enda myndi eftirlitsaðili leggja til eigin flugvél og skynjunartæki. Að ósk rússneskra stjórnvalda leyfir samningurinn að aðildarríki, sem er vettvangur eftirlits, megi krefjast þess að könnunaraðilar noti innlenda flugvél og tæki, en þau þurfa þá að uppfylla ítrustu kröfur samningsins.

Í samningnum er nákvæmlega tilgreint hvers konar skynjunartæki sé heimilt að nota í könnunarflugi. Það er grundvallaratriði að einungis megi nota tæki sem séu öllum aðildarríkjum aðgengileg, þ.e. séu seld á opnum markaði. Þá er kveðið á um að aðildarríki sem tekur við könnunaraðilum fái aðgang að öllum upplýsingum sem fáist á fluginu og það á reyndar við um önnur aðildarríki samningsins sem þess óska. Gert er ráð fyrir að samráðsnefnd aðildarríkja samningsins, sem kemur saman einu sinni í mánuði í Vín, fylgist með frekari þróun skynjunartækni og úrskurði hvaða tæki verði leyfileg á hverjum tíma þannig að eðlilegar tækniframfarir orsaki ekki stöðuga endurskoðun samningsins.

Samkvæmt 2. kafla III. greinar samningsins er hópum aðildarríkja heimilt að taka saman höndum við framkvæmdina, með samnýtingu flugvéla, skynjunartækja og könnunarflugskvóta. Það þarf mikið fjármagn og tæknigetu til að samningurinn nýtist sem skyldi og því hafa sum aðildarríki tekið þennan kostinn. Þannig hafa Rússland og Hvíta-Rússland samið um samstarf og aðildarríki Vestur-Evrópusambandsins hafa í hyggju að fjárfesta í sameiginlegum búnaði.

Aðildarríki

Tilgangurinn með samningningnum um opna lofthelgi var í upphafi að stuðla að auknum upplýsingaskiptum, eftirliti og eflingu trausts milli aðildarríkja Atlantshafsbanda-

lagsins annars vegar og Varsjárbandalagsins fyrrverandi hins vegar. Breyttar aðstæður við lok samningaviðræðnanna, m.a. vegna upplausnar Sovétríkjanna, ollu því að nýfrjálsum ríkjum var boðin aðild að samningnum. Þá var samþykkt að öll þátttökuríki Ráðstefnunnar um samvinnu og öryggi í Evrópu skyldu eiga þess kost að hafa áheyrnarfulltrúa þar sem fjallað væri um efni eða framkvæmd samningsins, en síðan gætu þau gerst fullir aðilar sex mánuðum eftir formlega gildistöku. Þess má geta að tuttugu og sjö ríki hafa undirritað samninginn og þar af hafa fjórtán ríki fullgilt hann. Miðað er við að hann taki gildi þegar fullgildingu tuttugu ríkja er lokið og í þeim hópi verða að vera öll þau ríki sem hafa fleiri en átta óvirka kvóta.

Til að auðvelda fljótlega framkvæmd samningsins hafa aðildarríki samþykkt að hann gildi til bráðabirgða til 23. október 1994. Þegar hann hefur formlega tekið gildi er gert ráð fyrir að gildistíminn verði ótakmarkaður, en endurskoðunarráðstefna verði haldin þremur árum eftir gildistöku og svo á fimm ára fresti.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR
um opna lofthelgi**

Ríki þau sem gera samning þennan og hér á eftir eru nefnd aðildarríki.

sem minnst þeirra skuldbindinga sem þau hafa tekist á hendur á Ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu, um að stuðla að því að umsvif þeirra á sviði hermála liggi ljósar fyrir og fari fram á opinskáari hátt, og um að auka öryggi með traustvekjandi og öryggisbætandi ráðstöfunum,

sem fagna hinum sögulegu atburðum í Evrópu er hafa umbýlt ástandi öryggismála um allt norð-urhvel,

sem vilja leggja sitt af mörkum til að móta og treysta þar friðvænlega þróun, stöðugleika og öryggi í anda samvinnu með því að koma á tilhögun um opna lofthelgi til eftirlits,

sem gera sér grein fyrir því að í slíkri tilhögun um eftirlit úr lofti kann einnig að felast framlag til öryggis og stöðugleika á öðrum svæðum,

sem veita athygli þeim möguleika að nýta slíka tilhögun til frekari opunar og til að draga úr launung, til að auðvelda eftirlit með því að núverandi og síðar gerðir samningar um vígbúnaðartakmarkanir séu haldnir, og til að styrkja þau úrræði sem fyrir hendi eru til að koma í veg fyrir deilur og ráða fram úr hættuástandi innan ramma Ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu og öðrum viðkomandi alþjóðastofnunum,

sem sjá fyrir sér möguleika á að útfæra tilhögun um opna lofthelgi þannig að hún taki til fleiri sviða, svo sem umhverfisverndar,

sem leitast við að koma á fastmótuðum reglum um eftirlit úr lofti hvar sem er á landsvæði aðildarríkja, í þeim tilgangi að fylgjast með einstöku aðildarríki eða hópi aðildarríkja á grundvelli sannsýni og skilvirkni um leið og loftferðaöryggis er gætt.

sem láta þess getið að framkvæmd slíkrar tilhögunar um opna lofthelgi hefur ekki áhrif á hagsmuni þeirra ríkja sem ekki eiga hlut að henni.

hafa orðið ásaðtt um eftirfarandi:

I. grein
ALMENN ÁKVÆÐI

1. Með samningi þessum er komið á tilhögun sem nefnd er opin lofthelgi og lýtur að framkvæmd könnunarflugs aðildarríkja yfir landsvæði annarra aðildarríkja, og mælt fyrir um réttindi og skyldur aðildarríkja sem þá tilhögun varða.

**TREATY
on Open Skies**

The States concluding this Treaty, hereinafter referred to collectively as the States Parties or individually as a State Party,

Recalling the commitments they have made in the Conference on Security and Co-operation in Europe to promoting greater openness and transparency in their military activities and to enhancing security by means of confidence- and security-building measures,

Welcoming the historic events in Europe which have transformed the security situation from Vancouver to Vladivostok,

Wishing to contribute to the further development and strengthening of peace, stability and cooperative security in that area by the creation of an Open Skies regime for aerial observation,

Recognizing the potential contribution which an aerial observation regime of this type could make to security and stability in other regions as well,

Noting the possibility of employing such a regime to improve openness and transparency, to facilitate the monitoring of compliance with existing or future arms control agreements and to strengthen the capacity for conflict prevention and crisis management in the framework of the Conference on Security and Co-operation in Europe and in other relevant international institutions,

Envisaging the possible extension of the Open Skies regime into additional fields, such as the protection of the environment,

Seeking to establish agreed procedures to provide for aerial observation of all the territories of States Parties, with the intent of observing a single State Party or groups of States Parties, on the basis of equity and effectiveness while maintaining flight safety,

Noting that the operation of such an Open Skies regime will be without prejudice to States not participating in it,

Have agreed as follows:

Article I
GENERAL PROVISIONS

1. This Treaty establishes the regime, to be known as the Open Skies regime, for the conduct of observation flights by States Parties over the territories of other States Parties, and sets forth the rights and obligations of the States Parties relating thereto.

2. Hver viðauki ásamt tilheyrandi fylgiskjölum er óaðskiljanlegur hluti samnings þessa.

I. grein SKILGREININGAR

Í samningi þessum merkir:

1. „Kannaður aðili“ það aðildarríki eða þann hóp aðildarríkja sem á landsvæði það sem könnunarflug fer fram yfir eða á að fara fram yfir, frá því tímamarki er tilkynning könnunaraðila þar að lútandi hefur verið móttækin og þar til lokið hefur verið við það sem gera ber vegna þess könnunarflugs eða starfsliðs þess sem starfar á vegum viðkomandi aðildarríkis eða aðildarríkjahóps.

2. „Könnunaraðili“ það aðildarríki eða þann hóp aðildarríkja sem hyggst láta eða lætur flug fara fram yfir landsvæði annars aðildarríkis eða hóps aðildarríkja, frá því tímamarki er hann tilkynnir þá ætlun sína að láta könnunarflug fara fram og þar til lokið hefur verið við það sem gera ber vegna þess könnunarflugs eða starfsliðs þess sem starfar á vegum viðkomandi aðildarríkis eða aðildarríkjahóps.

3. „Hópur aðildarríkja“ tvö eða fleiri aðildarríki sem komið hafa sér saman um að mynda hóp með tilliti til samnings þessa.

4. „Könnunarflugvél“ óvopnaða flugvél með föstum vængjum sem gerð er til að fljúga könnunarflug, skráða hjá viðeigandi stjórnvöldum aðildarríkis og búin þeim skynjunartækjum sem samið hefur verið um. „Óvopnuð“ merkir að könnunarflugvél sem notuð er með tilliti til samnings þessa er ekki búin til þess að bera vopn og beita þeim.

5. „Könnunarflug“ flug könnunarflugvélar sem könnunaraðili lætur fara fram yfir landsvæði kannaðs aðila á þann hátt sem flugáætlun segir til um, frá komustað eða flugvelli opinnar lofthelgi til brottfararstaðar eða flugvallar opinnar lofthelgi.

6. „Yfirflug“ flug könnunarflugvélar eða flutningaflugvélar sem könnunaraðili lætur fara fram eða fram fer á hans vegum yfir landsvæði þriðja aðildarríkis á leið til landsvæðis kannaðs aðila eða frá því.

7. „Flutningaflugvél“ flugvél, aðra en könnunarflugvél, sem flýgur á vegum könnunaraðila til eða frá landsvæði kannaðs aðila einungis með tilliti til samnings þessa.

8. „Landsvæði“ það land, að eyjum meðtöldum, svo og innsævi og landhelgi, sem aðildarríki fer með fullveldisrétt yfir.

2. Each of the Annexes and their related Appendices constitutes an integral part of this Treaty.

Article II DEFINITIONS

For the purposes of this Treaty:

1. The term “observed Party” means the State Party or group of States Parties over whose territory an observation flight is conducted or is intended to be conducted, from the time it has received notification thereof from an observing Party until completion of the procedures relating to that flight, or personnel acting on behalf of that State Party or group of States Parties.

2. The term “observing Party” means the State Party or group of States Parties that intends to conduct or conducts an observation flight over the territory of another State Party or group of States Parties, from the time that it has provided notification of its intention to conduct an observation flight until completion of the procedures relating to that flight, or personnel acting on behalf of that State Party or group of States Parties.

3. The term “group of States Parties” means two or more States Parties that have agreed to form a group for the purposes of this Treaty.

4. The term “observation aircraft” means an unarmed, fixed wing aircraft designated to make observation flights, registered by the relevant authorities of a State Party and equipped with agreed sensors. The term “unarmed” means that the observation aircraft used for the purposes of this Treaty is not equipped to carry and employ weapons.

5. The term “observation flight” means the flight of the observation aircraft conducted by an observing Party over the territory of an observed Party, as provided in the flight plan, from the point of entry or Open Skies airfield to the point of exit or Open Skies airfield.

6. The term “transit flight” means a flight of an observation aircraft or transport aircraft conducted by or on behalf of an observing Party over the territory of a third State Party en route to or from the territory of the observed Party.

7. The term “transport aircraft” means an aircraft other than an observation aircraft that, on behalf of the observing Party, conducts flights to or from the territory of the observed Party exclusively for the purposes of this Treaty.

8. The term “territory” means the land, including islands, and internal and territorial waters, over which a State Party exercises sovereignty.

9. „Óvirkur kvóti“ þann fjölda könnunarflugferða sem aðildarríki ber að una við sem könnuðum aðila.

10. „Virkur kvóti“ þann fjölda könnunarflugferða sem hvert aðildarríki á rétt á að láta fara fram sem könnunaraðili.

11. „Hámarksvegalengd“ þá mestu vegalengd yfir landsvæði kannaðs aðila frá þeim stað að telja þar sem könnunarflug má hefjast og til þess staðar þar sem því má ljúka, sem tilgreind er í viðauka A við samning þennan.

12. „Skynjari“ búnað í flokki sem tilgreindur er í 1. tl. IV. greinar, sem komið er fyrir í könnunarflugvél til til notkunar er könnunarflug fer fram.

13. „Greiningarhæfni við jörð“ minnstu fjarlægð milli tveggja nálægra hluta á yfirborði jarðar sem unnt er að greina að séu aðskildir.

14. „Innrauður línuskanni“ skynjara sem tekið getur á móti og gert sýnilega rafsegulhitageislun í hinum ósýnilega innrauða hluta litrófsins, sem hlutir senda frá sér vegna hita síns og án lýsingar af manna völdum.

15. „Könnunartími“ þann tilgreinda tíma meðan á könnunarflugi stendur þegar ákveðinn skynjari, er komið hefur verið fyrir í könnunarflugvél, er í notkun.

16. „Flugáhöfn“ menn frá hvaða aðildarríki sem er, einnig túlka, ef aðildarríki ákveður það, sem sinna störfum sem tengjast notkun eða rekstri könnunarflugvélar eða flutningaflugvélar.

17. „Flugstjóri“ flugmann um borð í könnunarflugvél sem sér um að stjórna flugi hennar og er ábyrgur fyrir framkvæmd flugáætlunar og öryggi vélarinnar.

18. „Flugfylgdarmaður“ mann sem á vegum kannaðs aðila er um borð í könnunarflugvél sem könnunaraðili leggur til meðan á könnunarflugi hennar stendur, og sem annast störf samkvæmt viðauka G við samning þennan.

19. „Flugfulltrúi“ mann sem á vegum könnunaraðila er um borð í könnunarflugvél sem kannaður aðili leggur til meðan á könnunarflugi hennar stendur, og sem annast störf samkvæmt viðauka G við samning þennan.

20. „Fulltrúi“ mann sem könnunaraðili hefur tilnefnt og sem vinnur störf samkvæmt viðauka G í þágu hans meðan á könnunarflugi stendur um borð í könnunarflugvél sem annað aðildarríki en

9. The term “passive quota” means the number of observation flights that each State Party is obliged to accept as an observed Party.

10. The term “active quota” means the number of observation flights that each State Party has the right to conduct as an observing Party.

11. The term “maximum flight distance” means the maximum distance over the territory of the observed Party from the point at which the observation flight may commence to the point at which that flight may terminate, as specified in Annex A to this Treaty.

12. The term “sensor” means equipment of a category specified in Article IV, paragraph 1 that is installed on an observation aircraft for use during the conduct of observation flights.

13. The term “ground resolution” means the minimum distance on the ground between two closely located objects distinguishable as separate objects.

14. The term “infra-red line-scanning device” means a sensor capable of receiving and visualizing thermal electro-magnetic radiation emitted in the invisible infra-red part of the optical spectrum by objects due to their temperature and in the absence of artificial illumination.

15. The term “observation period” means a specified period of time during an observation flight when a particular sensor installed on the observation aircraft is operating.

16. The term “flight crew” means individuals from any State Party who may include, if the State Party so decides, interpreters and who perform duties associated with the operation or servicing of an observation aircraft or transport aircraft.

17. The term “pilot-in-command” means the pilot on board the observation aircraft who is responsible for the operation of the observation aircraft, the execution of the flight plan, and the safety of the observation aircraft.

18. The term “flight monitor” means an individual who, on behalf of the observed Party, is on board an observation aircraft provided by the observing Party during the observation flight and who performs duties in accordance with Annex G to this Treaty.

19. The term “flight representative” means an individual who, on behalf of the observing Party, is on board an observation aircraft provided by the observed Party during an observation flight and who performs duties in accordance with Annex G to this Treaty.

20. The term “representative” means an individual who has been designated by the observing Party and who performs activities on behalf of the observing Party in accordance with Annex G

könnunaraðili eða hinn kannaði aðili hefur tilgreint.

21. „Stjórnandi skynjunartækja“ mann frá aðildarríki sem vinnur störf tengd verkun, notkun eða viðhaldi skynjunartækja könnunarflugvélar.

22. „Athugandi“ mann frá aðildarríki sem framkvæmir athugun á skynjunartækjum eða könnunarflugvélum annars aðildarríkis.

23. „Fylgdarmaður“ mann frá aðildarríki sem fylgir athugendum annars aðildarríkis.

24. „Framkvæmdaráætlun“ skjal í því formi sem samráðsnefnd um opna lofthelgi hefur komið á og könnunaraðili leggur fram, sem lýsir flugleið, flughæð, framkvæmdaröð og stuðningi sem með þarf til að fljúga könnunarflug, sem fá þarf samþykki kannaðs aðila fyrir og sem ætlað er að liggja flugáætlun til grundvallar.

25. „Flugáætlun“ skjal sem samið er á grundvelli samþykkrar framkvæmdaráætlunar, í því formi og með því efni sem Alþjóðaflugmálastofnunin tilgreinir, sem afhent er flugumferðarstjórn og sem ætlað er að liggja því til grundvallar hvernig könnunarflugi verður hagað.

26. „Framkvæmdarskýrsla“ skjal þar sem könnunarflugi er lýst, samið af könnunaraðila eftir að því er lokið og undirritað af bæði könnunaraðila og hinum kannaða aðila, í því formi sem samráðsnefnd um opna lofthelgi hefur komið á.

27. „Flugvöllur opinnar lofthelgi“ flugvöll sem hinn kannaði aðili hefur tilgreint sem stað þar sem könnunarflug má hefja eða ljúka.

28. „Komustaður“ stað sem hinn kannaði aðili hefur tilgreint sem komustað starfslíðs könnunaraðila á landsvæði hins kannaða aðila.

29. „Brottfararstaður“ stað sem hinn kannaði aðili hefur tilgreint að starfslíð könnunaraðila skuli leggja upp frá á landsvæði hins kannaða aðila.

30. „Eldsneytistökuflugvöllur“ flugvöll sem hinn kannaði aðili tilgreinir og notaður er til eldsneytistöku og þjónustu við könnunarflugvélar og flutningaflugvélar.

31. „Varaflugvöllur“ flugvöll tilgreindan í flugáætlun sem könnunarflugvél eða flutningaflugvél má halda áfram til ef óráðlegt verður að lenda á

during an observation flight on an observation aircraft designated by a State Party other than the observing Party or the observed Party.

21. The term “sensor operator” means an individual from any State Party who performs duties associated with the functioning, operation and maintenance of the sensors of an observation aircraft.

22. The term “inspector” means an individual from any State Party who conducts an inspection of sensors or observation aircraft of another State Party.

23. The term “escort” means an individual from any State Party who accompanies the inspectors of another State Party.

24. The term “mission plan” means a document, which is in a format established by the Open Skies Consultative Commission, presented by the observing Party that contains the route, profile, order of execution and support required to conduct the observation flight, which is to be agreed upon with the observed Party and which will form the basis for the elaboration of the flight plan.

25. The term “flight plan” means a document elaborated on the basis of the agreed mission plan in the format and with the content specified by the International Civil Aviation Organization, hereinafter referred to as the ICAO, which is presented to the air traffic control authorities and on the basis of which the observation flight will be conducted.

26. The term “mission report” means a document describing an observation flight completed after its termination by the observing Party and signed by both the observing and observed Parties, which is in a format established by the Open Skies Consultative Commission.

27. The term “Open Skies airfield” means an airfield designated by the observed Party as a point where an observation flight may commence or terminate.

28. The term “point of entry” means a point designated by the observed Party for the arrival of personnel of the observing Party on the territory of the observed Party.

29. The term “point of exit” means a point designated by the observed Party for the departure of personnel of the observing Party from the territory of the observed Party.

30. The term “refuelling airfield” means an airfield designated by the observed Party used for fuelling and servicing of observation aircraft and transport aircraft.

31. The term “alternate airfield” means an airfield specified in the flight plan to which an observation aircraft or transport aircraft may pro-

þeim flugvelli þar sem landing var upphaflega fyrirhuguð.

32. „Hættulegt loftrými“ þau bannsvæði, svæði með takmörkuðum aðgangi og hættusvæði sem skilgreind eru á grundvelli 2. viðauka samþykktar um alþjóðaflugmál og komið er á samkvæmt 15. viðauka þeirrar samþykktar í þágu flugöryggis, öryggis almennings og umhverfisverndar, og sem upplýsingar eru veittar um í samræmi við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

33. „Bannsvæði“ loftrými af tilgreindum mælistærðum yfir landsvæði aðildarríkis þar sem flug flugvéla er bannað.

34. „Svæði með takmörkuðum aðgangi“ loftrými af tilgreindum mælistærðum yfir landsvæði aðildarríkis þar sem flug flugvéla sætir takmörkunum samkvæmt tilgreindum skilyrðum.

35. „Hættusvæði“ loftrými af tilgreindum mælistærðum þar sem atvik geta átt sér stað sem valda hættu fyrir flug flugvéla á ákveðnum tímum.

III. grein KVÓTAR

I. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI

1. Hvert aðildarríki á rétt til könnunarflugs samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

2. Hverju aðildarríki ber að una við að flogið sé könnunarflug yfir landsvæði þess samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

3. Hvert aðildarríki á rétt á að fljúga könnunarflug yfir landsvæði annars aðildarríkis jafn oft og það aðildarríki á rétt á að fljúga könnunarflug yfir landsvæði þess.

4. Fjöldi þeirra könnunarflugferða alls, sem aðildarríki ber að una við að farnar séu yfir landsvæði þess, er óvirkur heildarkvóti þess. Aðildarríkjum er úthlutaður óvirkur heildarkvóti samkvæmt I. kafla viðauka A við samning þennan.

5. Fjöldi könnunarflugferða sem hvert aðildarríki á rétt á að láta fara fram á hverju ári yfir landsvæði hvers hinna aðildarríkjanna er virkur sérkvóti þess gagnvart hverju hinna aðildarríkjanna. Samtala virkra sérkvóta aðildarríkis er virkur heildarkvóti þess. Virkur heildarkvóti aðildarríkis má ekki fara fram úr óvirkum heildarkvóta þess.

ceed when it becomes inadvisable to land at the airfield of intended landing.

32. The term “hazardous airspace” means the prohibited areas, restricted areas and danger areas, defined on the basis of Annex 2 to the Convention on International Civil Aviation, that are established in accordance with Annex 15 to the Convention on International Civil Aviation in the interests of flight safety, public safety and environmental protection and about which information is provided in accordance with ICAO provisions.

33. The term “prohibited area” means an airspace of defined dimensions, above the territory of a State Party, within which the flight of aircraft is prohibited.

34. The term “restricted area” means an airspace of defined dimensions, above the territory of a State Party, within which the flight of aircraft is restricted in accordance with specified conditions.

35. The term “danger area” means an airspace of defined dimensions within which activities dangerous to the flight of aircraft may exist at specified times.

Article III QUOTAS

SECTION I. GENERAL PROVISIONS

1. Each State Party shall have the right to conduct observation flights in accordance with the provisions of this Treaty.

2. Each State Party shall be obliged to accept observation flights over its territory in accordance with the provisions of this Treaty.

3. Each State Party shall have the right to conduct a number of observation flights over the territory of any other State Party equal to the number of observation flights which that other State Party has the right to conduct over it.

4. The total number of observation flights that each State Party is obliged to accept over its territory is the total passive quota for that State Party. The allocation of the total passive quota to the States Parties is set forth in Annex A, Section I to this Treaty.

5. The number of observation flights that a State Party shall have the right to conduct each year over the territory of each of the other States Parties is the individual active quota of that State Party with respect to that other State Party. The sum of the individual active quotas is the total active quota of that State Party. The total active quota of a State Party shall not exceed its total passive quota.

6. Fyrsta úthlutun virkra kvóta er sú sem tilgreind er í II. kafla viðauka A við samning þennan.

7. Er samningur þessi hefur öðlast gildi skal árlega endurskoða úthlutun virkra kvóta næsta almanaksárs samkvæmt þeim reglum sem gilda innan samráðsnefndar um opna lofthelgi. Ef ekki reynist unnt við hina árlegu endurskoðun að ná samkomulagi innan þriggja vikna um úthlutun virkra kvóta hvað ákveðið aðildarríki snertir skal úthlutun virkra kvóta næstliðins árs hvað það aðildarríki snertir haldast óbreytt.

8. Að öðru leyti en því sem mælt er fyrir um í VIII. grein kemur hver könnunarflugferð sem fram fer á vegum aðildarríkis til frádráttar frá virkum sérkvóta og heildarkvóta þess aðildarríkis.

9. Þrátt fyrir ákvæði 3. og 5. tl. þessa kafla getur aðildarríki sem fengið hefur virkan kvóta úthlutaðan sér flutt virkan heildarkvóta sinn, með samkomulagi við það aðildarríki sem fljúga á yfir, að hluta eða í heild til annarra aðildarríkja, og skal það þá þegar tilkynna það öllum öðrum aðildarríkjum og samráðsnefnd um opna lofthelgi. Um þetta gildir 10. tl. þessa kafla.

10. Aðildarríki má ekki láta fara fram fleiri könnunarflug yfir landsvæði annars aðildarríkis en sem nemur 50% af virkum heildarkvóta þess sjálfs með hækkun upp í næstu heilu tölu, eða af óvirkum heildarkvóta hins aðildarríkisins, sé hann lægri.

11. Hámarksvegalengd til könnunarflugs yfir landsvæði aðildarríkja er tilgreind í III. kafla viðauka A við samning þennan.

II. KAFLI

REGLUR UM HÓPA AÐILDARRÍKJA

1. (A) Tvö eða fleiri aðildarríki sem kvóta eiga geta myndað með sér hóp aðildarríkja við undirritun samnings þessa eða síðar, án þess að skert séu réttindi þeirra eða skyldur samkvæmt honum. Gagnvart hópi aðildarríkja sem myndaður er eftir að samningur þessi er undirritaður gilda ákvæði þessa kafla ekki fyrr en sex mánuðir eru liðnir frá því er tilkynning hefur verið veitt öllum öðrum aðildarríkjum, og í samræmi við það sem segir í 6. tl. þessa kafla.

(B) Hópar aðildarríkja skulu hafa með sér samvinnu hvað snertir virka og óvirka kvóta samkvæmt ákvæðum annaðhvort 2. eða 3. tl. þessa kafla.

6. The first distribution of active quotas is set forth in Annex A, Section II to this Treaty.

7. After entry into force of this Treaty, the distribution of active quotas shall be subject to an annual review for the following calendar year within the framework of the Open Skies Consultative Commission. In the event that it is not possible during the annual review to arrive within three weeks at agreement on the distribution of active quotas with respect to a particular State Party, the previous year's distribution of active quotas with respect to that State Party shall remain unchanged.

8. Except as provided for by the provisions of Article VIII, each observation flight conducted by a State Party shall be counted against the individual and total active quotas of that State Party.

9. Notwithstanding the provisions of paragraphs 3 and 5 of this Section, a State Party to which an active quota has been distributed may, by agreement with the State Party to be overflowed, transfer a part or all of its total active quota to other States Parties and shall promptly notify all other States Parties and the Open Skies Consultative Commission thereof. Paragraph 10 of this Section shall apply.

10. No State Party shall conduct more observation flights over the territory of another State Party than a number equal to 50 per cent, rounded up to the nearest whole number, of its own total active quota, or of the total passive quota of that other State Party, whichever is less.

11. The maximum flight distances of observation flights over the territories of the States Parties are set forth in Annex A, Section III to this Treaty.

SECTION II. PROVISIONS FOR A GROUP OF STATES PARTIES

1. (A) Without prejudice to their rights and obligations under this Treaty, two or more States Parties which hold quotas may form a group of States Parties at signature of this Treaty and thereafter. For a group of States Parties formed after signature of this Treaty, the provisions of this Section shall apply no earlier than six months after giving notice to all other States Parties, and subject to the provisions of paragraph 6 of this Section.

(B) A group of States Parties shall co-operate with regard to active and passive quotas in accordance with the provisions of either paragraph 2 or 3 of this Section.

2. (A) Aðildarríki sem mynda hóp mega skipta sín á milli að nýju virkum kvótum sínum fyrir það ár sem þá er að líða, en þá halda þau óvirkum sérkvótum sínum. Tilkynning um endurskiptinguna skal þegar send öllum aðildarríkjum utan hópsins sem málið varðar.

(B) Könnunarflug skal koma til frádráttar frá virkum sérkvótum og heildarkvótum könnunaraðila eins og um væri að ræða jafn mörg könnunarflug og nemur fjölda þeirra könnuðu aðila sem flogið er yfir og í hópnum eru. Skal það teljast sem eitt könnunarflug hvað snertir óvirkan heildarkvóta hvers kannaðs aðila.

(C) Hvert aðildarríki, sem eitt eða fleiri ríki er mynda hóp eiga virkan kvóta gagnvart, á rétt á að láta fara fram 50% fleiri könnunarflug yfir landsvæði hvers ríkis í hópnum, með hækkun upp í næstu heilu tölu, en sem nemur virkum sérkvóta þess sjálfs gagnvart því hópriki, eða að láta fara fram tvö slík flug ef það á engan virkan kvóta gagnvart því hópriki.

(D) Ef viðkomandi aðildarríki nýtir sér þennan rétt skal það draga úr virkum kvótum sínum gagnvart öðrum ríkjum í hópnum þannig að heildarfjöldi þeirra könnunarflugferða sem það lætur fara fram yfir landsvæði þeirra sé ekki hærri en sem nemur heildarfjölda virkra sérkvóta aðildarríkisins gagnvart öllum ríkjum í hópnum á því ári sem um er að ræða.

(E) Þær reglur skulu gilda sem mæla fyrir um hámarksvegalengd í könnunarflugi yfir landsvæði hvers hóprikis. Fari fram könnunarflug yfir mörg hópriki í einu skal aftengja alla skynjara þegar hámarksvegalengd er náð, uns könnunarflugvélin kemur að þeim stað yfir landsvæði næsta hóprikis þar sem könnunarflugi er ætlað að hefjast. Við slíkt framhaldskönnunarflug skal gilda sú hámarksvegalengd sem miðast við þann flugvöll opinna lofthelgi sem næstur er þeim stað.

3. (A) Fari hópur aðildarríkja fram á það á hann rétt á sameiginlegum óvirkum heildarkvóta sem honum skal fenginn, og sameiginlegum virkum sérkvótum og heildarkvótum sem úthlutað skal með tilliti til hans.

(B) Sé það gert telst óvirkur heildarkvóti vera sá heildarfjöldi könnunarflugferða sem aðildarríkjahópnum ber að una við á hverju ári. Virkur heildarkvóti telst vera sá heildarfjöldi könnunarflugferða sem aðildarríkjahópurinn á rétt á að láta

2. (A) The members of a group of States Parties shall have the right to redistribute amongst themselves their active quotas for the current year, while retaining their individual passive quotas. Notification of the redistribution shall be made immediately to all third States Parties concerned.

(B) An observation flight shall count as many observation flights against the individual and total active quotas of the observing Party as observed Parties belonging to the group are overflown. It shall count one observation flight against the total passive quota of each observed Party.

(C) Each State Party in respect of which one or more members of a group of States Parties hold active quotas shall have the right to conduct over the territory of any member of the group 50 per cent more observation flights, rounded up to the nearest whole number, than its individual active quota in respect of that member of the group or to conduct two such overflights if it holds no active quota in respect of that member of the group.

(D) In the event that it exercises this right the State Party concerned shall reduce its active quotas in respect of other members of the group in such a way that the total sum of observation flights it conducts over their territories shall not exceed the sum of the individual active quotas that the State Party holds in respect of all the members of the group in the current year.

(E) The maximum flight distances of observation flights over the territories of each member of the group shall apply. In case of an observation flight conducted over several members, after completion of the maximum flight distance for one member all sensors shall be switched off until the observation aircraft reaches the point over the territory of the next member of the group of States Parties where the observation flight is planned to begin. For such follow-on observation flight the maximum flight distance related to the Open Skies airfield nearest to this point shall apply.

3. (A) A group of States Parties shall, at its request, be entitled to a common total passive quota which shall be allocated to it and common individual and total active quotas shall be distributed in respect of it.

(B) In this case, the total passive quota is the total number of observation flights that the group of States Parties is obliged to accept each year. The total active quota is the sum of the number of observation flights that the group of States Parties

fara fram á hverju ári. Virkur heildarkvóti má ekki fara fram úr óvirkum heildarkvóta.

(C) Könnunarflug á grundvelli virks heildarkvóta aðildarríkjahóps skal fara fram fyrir hönd hópsins.

(D) Könnunarflug sem hópi aðildarríkja ber að una við má fara fram yfir landsvæði eins eða fleiri ríkja í hópnum.

(E) Hámarksvegalegd hvað snertir hvern hóp aðildarríkja skal tilgreind samkvæmt III. kafla viðauka A við samning þennan, og flugvellir opinna lofthelgi skulu tilgreindir samkvæmt viðauka E við samning þennan.

4. Samkvæmt þeim almennu reglum sem settar eru fram í 3. tl. X. greinar getur þriðja aðildarríki sem telur réttindi sín samkvæmt 3. tl. I. kafla þessarar greinar sæta óhæfilegri takmörkun með aðgerðum aðildarríkjahóps lagt málið fyrir samráðsnefnd um opna lofthelgi.

5. Aðildarríkjahópurinn skal sjá til þess að komið sé á tilhögun er gerir unnt að fljúga könnunarflug yfir landsvæði hóprikjanna í einni flugferð, með eldsneytistöku ef þörf krefur. Ef um er að ræða aðildarríkjahóp sem komið hefur verið á samkvæmt 3. tl. þessa kafla skal í slíku könnunarflugi ekki flogið lengra en sem nemur þeirri hámarksvegalegd sem gildir um þá flugvelli opinna lofthelgi þar sem könnunarflugferðirnar hefjast.

6. Að minnsta kosti sex mánuðum eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt öllum öðrum aðildarríkjum

(A) má breyta aðildarríkjahóp sem komið hefur verið á samkvæmt ákvæðum 2. tl. þessa kafla í aðildarríkjahóp samkvæmt ákvæðum 3. tl. þessa kafla,

(B) má breyta aðildarríkjahóp sem komið hefur verið á samkvæmt ákvæðum 3. tl. þessa kafla í aðildarríkjahóp samkvæmt ákvæðum 2. tl. þessa kafla,

(C) má aðildarríki ganga úr hópi aðildarríkja, og

(D) má hópur aðildarríkja heimila öðrum aðildarríkjum, sem kvóta eiga, að ganga í hópinn.

7. Er samningur þessi hefur öðlast gildi skulu þær breytingar á úthlutun eða skiptingu kvóta sem eiga rætur að rekja til myndunar hóps aðildarríkja eða inn- eða útgöngu úr hópi aðildarríkja samkvæmt 3. tl. þessa kafla öðlast gildi á fyrsta degi janúarmánaðar eftir að fyrstu endurskoðun á vegum samráðsnefndar um opna lofthelgi lýkur sem

has the right to conduct each year. Its total active quota shall not exceed the total passive quota.

(C) An observation flight resulting from the total active quota of the group of States Parties shall be carried out on behalf of the group.

(D) Observation flights that a group of States Parties is obliged to accept may be conducted over the territory of one or more of its members.

(E) The maximum flight distances of each group of States Parties shall be specified pursuant to Annex A, Section III and Open Skies airfields shall be designated pursuant to Annex E to this Treaty.

